


Kemst Krafla í 16-17 Mw í vetur?

Nýja holan sú besta



Hjörleifur Guttormsson

Sem kunnugt er hafa að undanförunni verið uppi nokkrar áhyggjur yfir því að á komandi vetri yrði ekki hægt að fullnægja orkubörfinni hér á landi, og e.t.v. yrði að gripa til rafmagnsskömmtnar.

Með tilliti til þessa hefur ýms-um brugðið í brún við að heyra þær fréttir í ríkisútvarpinu undanfarna daga, að þrátt fyrir þetta væri ekki meiningin að nýta í vetur fyrir landskerfið þá möguleika, sem í boði eru um orku frá Kröfluvirkjun.

Þjóðviljinn sneri sér til Hjörleifs Guttormssonar iðnaðarráðherra og spurði hann, hvort réttar væru þær fréttir úr ríkisútvarpinu, að orkan frá nýjum borholum við Kröflu kæmi ekki í gagnid í vetur vegna skorts á fé til að kosta tengingu þeirra.

Rangar útvarpsfréttir

Hjörleifur sagði: Þessar fréttir í ríkisútvarpinu

Batnandi staða í orkubúskap, segir iðnaðarráðherra


um fjárskort til framkvæmda við Kröflu eru rangar, og hljóta að byggjast á einhverjum mis- skilningi.

Samkvæmt lánsfjáráætlun var veitt fé til að bora tvær nýjar holur við Kröflu, holur 13 og 14, og var unnið að því verkefni í sumar. Þann 22. ágúst barst iðnaðarráðuneytinu síðan beiðni um viðbótarfjárveitingu upp á 744 milljónir króna. Tekið var fram að þessu fjármagni ætti að verja til að tengja holu 14, til að bora þriðju holuna á þessu sumri, holu 15, og tengja hana og einnig til að undirbúa borstöði fyrir eina holu enn, sem boruð yrði á næsta ári.

Eg tók þetta mál upp á ríkisstjórnarfundum fjórum dögum síðar, þann 26. ágúst, og var þar samþykkt að verða við þessari beiðni. Hér varð því engin töf vegna óvissu um fjárveitingar, þar sem ríkisstjórnin féllst að einu og öllu leyti á erindi Rafmagnsveitna ríkisins, en það erindi byggðist á tillögum Einars Tvörja Eliassonar, yfirverkfræðings Kröfluvirkjunar.

6,5 Mw frá einni holu á nýju borsvæði

Þegar við afgreiddum þetta erindi í ríkisstjórninni seint í ágúst, þá lá fyrir samilegur



Frá Kröfluvirkjun

árangur af borun holu 13 og talið að hún gæfi um 3 Mw, en árangur af borun holu 14 lá þá ekki fyrir. Síðan kom í ljós að hola 14, sem er á nýju borsvæði í suðurhlíðum Kröflu, reyndist mjög glöð og tekur langt fram árangri af öðrum borunum við Kröflu frá því fyrsta. Þessi eina hola er talin gefa allt að 6,5 Mw í afli, miðað við þá reynslu sem fengin er. Samþykkt ríkisstjórnarinnar fól m.a. í sér fjárveitingu til að tengja þessa holu.

Nú er unnið að borun þriðju holunnar á þessu ári, sem er hola 15, en hún er á hinu eldra borsvæði, og liggur árangur ekki fyrir, en fjárveiting er fyrir hendi til að tengja hana líka, ef ástæða þykir til.

Sá árangur sem fyrir liggur af borunum sumarsins hefur breytt talsvert viðhorfum um möguleika til að afla gufu til Kröfluvirkjunar, þótt ég telji of snemmt að leggja endanlegan dóm á möguleika til gufuöflunar á hinu nýja borsvæði fyrr en fleiri holur hafa verið boraðar þar.

Forráðamenn Kröfluvirkjunar gera sér vonir um að virkjunin geti skilað 16–17 Mw afli á komandi vetri, gefi sú hola sem nú er verið að bora miðlungsárangur. Á s.l. vori var tiltekt afl Kröfluvirkjunar hins vegar innan við 5 Mw.

Um ástæðuna fyrir nýlegum flugufréttum útvarpsins um Kröflu veit ég ekki margt, en mér dettur í hug, að ástæðan geti verið sú, að nú í síðari hluta september kom í ljós við at- hugun á tilkostnaði við framkvæmdir við Kröflu á þessu ári, að hann hafði farið nokkuð fram úr áætlun, fyrst og fremst þó vegna verðbólguþróunarinnar, en erindi þar að lútandi bárust ríkisstjórninni fyrst þann 1. október. Verður að sjálfsögðu á það mál litið sérstaklega á næstunni, og breytir það engu um ráðstöfun á þeirri aukafjárveitingu til tiltekinnar verkefna við Kröflu, sem gengið var frá í ríkisstjórninni í ágúst og gerð var grein fyrir hér að framan.


Engin almenn skömmtnun

Okkur er öllum kunnugt að fyrir hendi er þörf á að tryggja viðbótarafli inn á landskerfið fyrir komandi vetur, svo orkuskorti verði forðað.

Þessi þörf er fyrir hendi, enda þótt staðan í vatnsbúskap virkjana okkar sé öll önnur og betri en í fyrra. Auk viðbótarinnar frá Kröflu kemur í gagnid fyrir árslok gufuhverfill Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi með um 6 Mw, og væntanlega verður hin gamla stöð Laxárvirkjunar í Bjarnarflagi við Mývatn sett upp á næstunni, en hún getur framleitt um 3 Mw.

Engin ástæða virðist til að ætla að gripa þurfi til rafmagnsskömmtnar fyrir almennan markað á komandi vetri, og væntanlega verður skömmtnun til orkufreks iðnaðar mun léttbærari en óttast var um skeið, og raunar geta haustrigningar enn bætt stöðuna.

—k.



Eitt af andlitum Valgerðar Briem, sem sýnir nú í fyrsta sinn opinberlega.



Verk þessara fimm menninga mynda kjarna haustsýningarinnar. F.v.: Leifur Breiðfjörð, Þóroddur Hall, Asgerður Búadóttir, Guðmundur Benediktsson og Valtýr Pétursson. Myndir eik-



Sigrún Guðjónsdóttir, formaður FÍM, ræðir hér við einn heiðursgestanna, Valtý Pétursson.



Sigrún Guðjónsdóttir, formaður FÍM, ræðir hér við einn heiðursgestanna, Valtý Pétursson.

Verðbólgan jörðuð á haustsýningu FÍM

A morgun, sunnudag, verður verðbólgan jörðuð með viðhöfn að Kjarvalsstöðum. Myndlistarmadurinn Örn Ingi frá Akureyri stjórnar jarðarförinni, sem er gjörningur, og liður í haustsýningu Félags íslenskra myndlistarmanna. Flytjendur gjörningsins eru sex talsins, og tekur flutningur tæpan klukkutíma. Hann hefst kl. 21.00 annað kvöld.

Haustsýningin stendur nú sem hæst, og hefur fram að þessu gengið mjög vel, að sögn Arnar Þorsteinssonar, formanns sýningarnefndar. „Það hefur gríðarlega mikið verið selt af myndum — við munum ekki eftir öðru eins“, — sagði Örn.

Fimm listamenn mynda kjarna sýningarinnar, og eru þeir allir FÍM-félagar: Asgerður Búadóttir, Guðmundur Benediktsson, Leifur Breiðfjörð, Valtýr Pétursson og Þóroddur Hall. Auk þeirra eiga 40

höfundar verk á sýningunni, sem er mjög glæsileg og fjölbreytt.

Asgerður Búadóttir á sjö verk á sýningunni, öll ofin úr ull. Eitt þeirra er unnið sérstaklega fyrir haustsýninguna og heitir Sjö Lífsfletir.

— Þetta er minningarverk um sjö myndlistarkonur, sem hafa allar dáið á mjög stuttu tímabili, — sagði Asgerður. — Nöfn þeirra eru ofin í borðann, sem festur er við myndina: Nina, Gerður, Eyborg, Barbara, Aslaug, Ragnheiður, María. Þær voru allar á svipuðum aldri og ég, og ég þekkti þær allar. Allar nema eina (Aslaug á Heygum) voru í FÍM. Ég hafði lengi hugsað mér að vinna þetta verk til minningar um þær, og lét til skarar skriða þegar mér var boðið að vera gestur haustsýningarinnar. Eins og þú sérð er bakgrunnurinn svartur, en þetta er ekki sorglegt verk.

Annað verk Asgerðar er enn

nýrra en Sjö lífsfletir og heitir það Vetrarbraut, unnið í ull og hrosshár. — Ég nota hrosshárið mest til að brjóta upp línur, — sagði Asgerður, — það er harðara en ullin og mér hefur fallið vel að nota þetta tvennt saman, og bind þá hrosshárið í vefinn. Litina geri ég sjálf, en nota stundum þetta sem við köllum saubaliti.

Verk Asgerðar hanga á norðurvegg vestursalarins, en á suðurveggnum hangir myndaröð eftir aðra listakonu, sem sýnir nú í fyrsta sinn opinberlega. Þessi kona er Valgerður Briem, sem hefur kennt myndlist um áratuga skeið bæði börnum og fullorðnum. Má það teljast til meiriháttar viðburða í myndlistarlífinu að hún skuli nú loks setja verk sín á sýningu.

— Auðvitað vissu allir að Valgerður ætti mikið af myndum í fórum sínum, — sagði Sigrún Guðjónsdóttir, formaður FÍM, —

og það var okkur mikil ánægja að hún skyldi bjóða fram þessar myndir núna.

Myndaröð Valgerðar heitir „Andlit I-XVI“ og er unnin með blandaðri tækni. Mjög áhrifamikil og heilsteypt verk. En það væri óðs manns æði fyrir leikmann að ætla sér að lýsa þessari stóru sýn-

ingu svo eitthvert vit væri í. Þess vegna verður sú góða vísa kveðin nú sem oftast, að sjón er sögu ríkari. Haustsýning FÍM er veruleg upplýfting á þessum gráu og blautu dögum, og ættu sem flestir að leggja leið sína um Kjarvalsstaði nú um helgina.

—ih